

**Fundargerð fyrir opið hús/ kynningarfund í Fólkvangi á Kjalarnesi 24. ágúst 2017 kl. 17.30
vegna tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg á Kjalarnesi**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðin buðu til opins húss/ kynningarfundar til að kynna fyrir landeigendum og öðrum hagsmunadílum þau drög sem liggja fyrir við gerð deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg á Kjalarnesi.

1. Fundarstjóri setti fund, Eldey Huld Jónsdóttir úr Hverfisráði Kjalarness, og var með stuttan inngang um verkefnið og bað svo fulltrúa frá Reykjavíkurborgar, Vegagerðar, Eflu og Landslags að kynna sig.
2. Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá Vegagerðinni fjallaði stuttlega um tilurð verkefnisins. Skipulagssvæðið er 14 km og nær frá Hvalfjarðarvegi að mörkum Mosfellsbæjar við Leirvogslæk. Breikkun vegarins í 2+1 er á 9 km kafla innan þess, frá Hvalfjarðarvegi að mynni Kollafjarðar, í núverandi vegstæði.

Fram kom að samkvæmt samgönguáætlun átti að setja 800 milljónir í verkefnið árið 2018. Við gerð fjárlagaáætlunar var dregið í land og stefnir í að byrjað verði á verkinu eftir 2-3 ár og þá með lægri upphæð. Hversu stór hluti verksins fari í gang kemur svo í ljós þegar vitað er hve mikið fjármagn fæst.

3. Ingvar Baldursson verkfræðingur frá Eflu fór yfir hvernig Vesturlandsvegurinn er í dag og hvernig þversnið af honum eru núna og hvernig þau munu breytast með breikkun vegarins í 2+1. Þar kom fram að í dag eru vegtengingar um 40 og eru þá allar tengingar taldar með s.s. inn á tún en verður fækkað niður í 3. Hann fór einnig yfir hvar gert er ráð fyrir að vegurinn verði tvöfaldur og þá í hvora áttina umferðin er á tvöföldum vegi. Vegurinn mun breikka inn í land frá Kollafirði að Hofslandi. Vestan Hofs breikka vegurinn sjávarmegin. Áætlaðir hliðarvegir voru sýndir, staðsetning hringtorga og undirganga. Að lokum fór hann yfir markmiðið með skipulaginu, þ.e. að bæta öryggi, fækka tengingum og bæta við stígum.
4. Finnur Kristinsson landslagsarkitekt frá Landslagi tók fyrir útivistarpáttinn, þ.e. reiðleiðir-, göngu- og hjólastíga. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir 2 stofnstígum og reiðstígum á Kjalarnesi. Meðfram Vesturlandsvegi og eftir gamalli þjóðleið í hliðarfæti Esjunnar. Skoðað hefur verið hvort mögulegt væri að sleppa að hafa reiðleið meðfram Vesturlandsvegi þar sem það getur skapað hættu og endurvekja gömlu þjóðleiðina í Esjuhlíðum sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Þetta krefðist þess að byrja þyrfti á samningagerð við landeigendur á svæðinu þar sem margir eiga land upp í fjall. Kosturinn væri sá að ekki þyrfti að taka eins mikið land af lóðum meðfram Vesturlandsvegi og hliðarvegum og umferðaröryggi væri betra. Einnig væri þá hægt að losa hjól af þjóðvegi 1, þau væru þá á hliðarvegum og stígum, sér reiðstígar.

Athugasemdir:

- Skoða tengingu við Saurbæ og Skógarár
- Bakki: Skoða tengingu við hverfið. ATH þungaflutnignar um hiðarveg yfir gömlu brúna, mjólkurbíll, fóðurbíll o.s.frv.
- Vatnsból í hlíðinni fyrir ofan Gil þarf að vera inn á uppdrættinum, og athuga brunnsvæði etc.
- Opna reið- og gönguleið á gömlu póstmannaleiðinni.
- Stígur frá Esjuvegi upp að gömlu þjóðleiðinni á spildu Borgarinnar.
- Er möguleiki á útafakstri af hliðarvegi og inn að Hvammi og landinu þar vestan við (Örn s. 8571900)
- Mótmæli hjólastíg í gegnum Varmhólaland (við námusvæðið)
- Undirgöng í botni Kollafjarðar (nálægð við Naustanes) eru óæskileg og ekki ásættanleg að mati landeigenda og ábúenda að Naustanesi. Vildu koma þeim ofar í landið.
- Reiðleið úr Álfsnesi og Naustanesi o.fl. bæjum þarf að vera um undirgöng sem áætluð eru við Esjumela
- Hafa undirgöng á Esjumelum nægilega stór fyrir reiðmenn.

Aðrir fulltrúar til svara á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt og verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, Þorsteinn R. Hermansson samgöngustjóri Reykjavíkur, Valtýr Þórisson deildarstjóri áætlanadeildar hjá Vegagerðinni, Halldóra Narfadóttir landfræðingur hjá Landslagi, Eva Dís Þórðardóttir skipulagsfræðingur hjá Eflu.